


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Verið tilbúin að taka á móti póstinum í Möppunni

Nú geturðu fengið allan póstinn þinn rafrænt í Möppuna. Enginn pappír og þú getur nálgast póstinn hvar og hvenær sem er.

Virkjaðu Möppuna fyrir 17. júní og þú færð nýjasta smellinn frá Moses Hightower.

- **Þægileg** – Aðgengileg hvar og hvenær sem er
- **Umhverfisvæn** – Pappírslaus póstur
- **Örugg** – Pósturinn er geymdur á öruggu formi
- **Ókeypis** – Þú borgar ekkert fyrir Möppuna
- **Fljótleg** – Pósturinn berst þér samdægurs

Á meðan á viðtalinu við David James stóð drakk hann tvo kaffibolla, einn svartan og einn með mjólk. Hvað varð um það að Bretar drykkju bara te?



EDDA SIF

Fyrstu sex: 200788.
Uppáhaldsþrótt: Fyrir utan Skólahreysti hefur körfubolti verið að vinna mikið á hjá mér upp á síðkastið.
Uppáhaldsþróttamaður: Justin Shouse.
Uppáhaldsdrykkur: Kók í 33cl dós.
Uppáhaldsnamm: Lakkrís, enginn vafi.
Uppáhaldsgrein í Skólahreysti: Hreystigreip, þar má sjá þá allra skýrustu birtingarmynd þrjúsku sem til er.

HAUKUR

Fyrstu sex: 301086.
Uppáhaldsþrótt: Fótibolti.
Uppáhaldsþróttamaður: Laudrup-bræðurnir.
Uppáhaldsdrykkur: Aquarius.
Uppáhaldsnamm: Flest Haribo, sérstaklega apaskíturinn eða brúnu frauðtíglarnir.
Uppáhaldsgrein í Skólahreysti: Hreystigreipin.

MONITOR

MÆLIR MEÐ...

FYRIR LEIKHÚSAHUGAFÓLK

Monitor mælir heils hugar með **Englum alheimsins** sem frumsýnt var 20. apríl síðastliðinn og sjá má á fjöllum Þjóðleikhússins um þessar mundir. Í leik-sýningunni er stórbrotinni sögu, sem áður hefur auðvitað verið sögð með verðlaunabók og verðlaunakvikmynd, komið til skila með frumlegum og áhrifamiklum hætti. Skellið ykkur í leikhús, kæru lesendur.



FYRIR ÍÞRÓTTAÁHUGAFÓLK

Þó svo að baráttunni um meistartitilinn í enska boltanum sé lokið þurfa fótboltaáhugamenn héraðs ekki að örvænta enda eru **Pepsi-deildir** kvenna og karla handan við hornið. Munu FH-ingar og Akureyringar verja titilinn? Hvernig vegnar fyrrverandi landsliðsmarkmanni Englands og núverandi forsíðufyrirsætu Monitor? Monitor skorar á lesendur að fjölmenna á vellina og styðja sín lið alveg frá upphafi móts þar til síðasta flautið gellur í haust.



Megum ekki svitna

Haukur Harðarson og Edda Sif Pálsdóttir hafa haldið um stjórnartaumana í þáttunum um Skólahreysti en í kvöld fara úrslit keppinnar fram.

„Það er svo svakaleg stemningin í skólunum fyrir Skólahreystinum og maður er að heyra að það séu að koma fimm til tíu rútur úr hverjum skóla,“ segir Haukur Harðarson sem í vetur hefur stjórnað sjónvarpsþáttunum um Skólahreysti ásamt Eddu Sif Pálsdóttur. Í kvöld klukkan 20 fara úrslit keppinnar fram í Laugardalshöllinni og má því gera ráð fyrir magnaðri stemningu þar á bæ enda koma þar saman um 3.000 ungmenni og aðstandendur til að hvetja sitt lið til sigurs. „Hver skóli fær svo sinn lit og það gerir stemninguna enn magnaðri því þá mæta allir í sínum lit frá toppi til tótar og það setur flottan svip á stúkuna,“ útskýrir Haukur. Haukur segir það skammarlegt að hvorki hann né Edda Sif hafi prófað Skólahreystisbrautina. „Við megum ekki svitna og verða ógeðsleg fyrir útsendingu svo við höfum ekki komist í þetta. En ég vona að það verði breyting á því í dag. Ég ætla að hoppa og hlaupa í brautinni til að losa aðeins um stressið fyrir útsendinguna og reyna að fara hana á undir korteri,“ segir Haukur en keppnin verður í beinni útsendingu í kvöld á RÚV. Haukur segir að margt sé eftirminnilegt frá þessum vetri en þó toppi ekkert Íslandsmet Elvu Lísu Sveinsdóttur úr Njarðvíkurskóla í Hreystigreip en hún hékk í heilar 11:08 mínútur samfleytt. „Ég mun ekki lífa nógu lengi til að sjá þetta met slegið og það var hreint magnað þegar hún hékk á annarri hendi og fagnaði þegar rúmar tíu mínútur voru á klukkunni,“ segir Haukur. „Ég fór persónulega upp að Elvu og athugaði

hvort hún væri með harpix á höndunum eða eitthvað en hún var „clean“. Hún stóðst lyfjaprófið,“ bætir Haukur við í létum tón.

Fékk æskudraum uppfylltan

Íþróttaálfurinn Dýri Kristjánsson hefur séð um Rán-Dýrahornið í þáttunum í vetur þar sem hann sýnir áhorfendum hinar ýmsu íþróttakúnstir. „Dýri er mikill meistari. Hann er margfaldur Íslandsmeistari í áhaldafimleikum og veit nákvæmlega hvað hann er að tala um. Hann er líka mesta ljúfmenni sem við höfum kynnst. Svo er hann með einhverja doktorsgráðu í fjármálum eða einhverju svo hann er nokkurs konar ofurmenni,“ segir Haukur og hlær. Haukur segir samstarfið með Eddu Sif ganga vel og í raun sé það erfitt að kalla þetta vinnu. „Allt ferlið er skemmtilegt. Stemningin við upptökur er góð en svo má ekki gleyma heldur forvinnslunni og eftirvinnslunni því það getur til dæmis verið ótrúlega gaman að fá alls kyns fólk til að prófa brautina. Við fengum löggæfing og slökkviliðsmenn í vetur og ég fékk að setjast undir stýri í löggæfing og slökkviliðsbíl. Það er eitthvað sem mig hafði dreymt um frá því að ég var lítið barn. Ég er svo langt frá því að vera vaxinn upp úr því að finnst það kúl að setja sírenurnar á. Það er því alltaf ljúfsárt þegar Skólahreystis-tímabilinu lýkur hverju sinni,“ segir Haukur ljúfsár að lokum.



VIKAN Á FACEBOOK



Orri Þórðarson

Það eru nokkrir hlutir sem hafa brotist um í mér ansi lengi. T.d. mega ófatlaðir nota klósett fyrir fatlaða eða eru þau eingöngu fyrir fatlaða eins og t.d. bílastæðin fyrir fatlaða eru eingöngu fyrir fatlaða? Atriði númer tvö: Svikinn héri. Fyrir utan að ég melti illa unnar kjötvörur þá hef ég aldrei þolað þetta heiti. Hver er þessi héri? hver sveik hann? Þriðja atriðið sem hefur böggjað mig er orðið viskustykki. Hvað er verið að meina? er þetta samsett orð úr nafnorðunum viska + stykki? Hvað kemur þá viska svona tusku við? En nú í kvöld kom allavega svarið við þeirri spurningu þegar ég horfði á Borgen. Birgitte Nyborg hélt að hún væri aftur kominn með hnút í brjóstið og fór til læknisins. Hann athugaði málið og sagði: „Nej Birgitte. Det er kun viske.“ eða sem útleggst á íslensku „Nei Birgitta þetta er bara vökví. Sem sagt viskustykki er tuska sem dregur í sig raka. Það meikar sens. Heimsmynd mín skýrðist lítið eitt betur í kvöld.“

28. apríl kl. 21:49



Guðmundur Reynir Gunnarsson

Jæja prófin búin og þá er það bara að Demba sér í Ba ritgerðina.

29. apríl kl. 12:32



Bragi Valdimar Skúlason

Gullfiskurinn minn man ekki annað eins.

28. apríl kl. 10:23

www.facebook.com/monitorbladið

BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 25** ár eru síðan David James varð knattspyrnumaður
- 11** mínútur og 8 sek. er Íslandsmest Elvu Lísu Sveinsdóttur í Hreystigreip
- 43** þúsund og 489 km lagði Heimsreisuhjálmar að baki sér
- 32** þættir eru teknir fyrir af Pétri

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lisa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Kristinn Ingvarsson (kring@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Þrífðu þinn eigin skít

Það hefur blundað í mér frekar lengi að tala um þá staðreynd að ekki þríf allir upp eftir sig sinn eigin skít. Hér er ég ekki með neinar útpældar pólitískar vangaveltur um hrúnið eða eitthvað slíkt, ég er einfaldlega að meina bókstaflega það sem ég segi.

Það getur verið mjög leiðinlegt að þrifa en þegar maður hefur náð ákveðnum aldri þá þarf maður að setta sig við að enginn mun þrifa upp eftir þig heima hjá þér, ekki nema þú borgir viðkomandi pening fyrir það. Þar af leiðandi þarftu að gjöra svo vel að taka til eftir þig því annars liggur þú bara í eigin óþrífnaði.

Sjálfur man ég alltaf eftir því þegar mamma og pabbi voru að rökræða um útfyrirpiss hér í fyrndinni og voru það oft og tíðum ansi líflegar umræður. Umræður sem í raun urðu til þess að ég hef nánast alla tíð passað mig að strjúka yfir klósettið með pappír til að tryggja að ég skilji ekki eftir mig dropa. Þetta geri ég líka til dæmis á klósettinu í vinnunni bara til að ganga úr skugga um að aðkomna verði sem best fyrir þann sem á eftir mér kemur.

Og hér kem ég mér loks að efninu því almenningsalerni eru mér ofarlega í huga þessa vikuna. Vissulega er fólk sem fær borgað fyrir að þvo þau en hafa ber í huga að fólkid kemur ekki eftir klósettferð hjá hverjum og einum.

Ég er ekki að segja að ég sé einhver heilagur þrífnaðarengill sem skilur aldrei eftir sig nein óhreini en ég furða mig samt á því þegar ég kem á klósett þar sem er nánast skitur um allt. Þetta fær mig til að hugsa hvort viðkomandi hafi óvart misst sjónina á meðan hann var að sinna kalli náttúrunnar eða hvort hann hafi lokað og sturtað án þess að kíkja á vígvöllinn.

Ég á ansi bág með að trúá því, alla vega, að einhver hafi mikla lyst á því að hefja náttúruköllumunarsvar sitt á skitugu klósetti. Það er einmitt þess vegna sem við ættum alltaf að hafa það í huga að skilja við salernið eins og við myndum vilja koma að því. Það myndi í það minnsta gera almenningsalernisferðir mínar ánægjulegri.





Fríða Dögg Baldursdóttir er tvítugur Reykvíkingur sem er í miðjum stúdentsprófum Menntaskólans við Sund þessa dagana. Fríða brá sér frá bókunum í stutta stund til þess að sýna **Stílnum** hluta úr fataskápnunum sínum.

Rosa hrifin af 70's tískunni

Hver er Fríða Dögg?

Ég er tvítug Reykjavíkurmær, með bullandi áhuga á crossfít, söng, tísku og að fíflast með vinum.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Mjög einfaldur. Less is more.

Hefur þú mikinn áhuga á tísku?

Já, það er alltaf gaman að fylgjast með tískunni, sérstaklega núna þar sem allt virðist vera í tísku. Ég er rosalega hrifin af 70's tískunni sem er einmitt mjög áberandi núna og mun vera í sumar.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Nostalgiu, Spúútnik og í útlöndum.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?

Sumarið, því mér finnst ekkert skemmtilegra en að klæðast háum hælum og fallegum kjólum. Það eru allir svo happy á sumrin.

Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnunum fyrir vorið?

Stóran og fallegan hatt, sólgleraugu og töff bikini.

Hver hafa verið þín verstu tískumistösk?

Þegar maður lítur tilbaka virðast þau vera nokkur, en er það ekki bara hringrás lífsins?

Hver er best klædda kona í heimi? Þær eru svo margar flottar, en ég veit allavegana að þabba finnst Jennifer Lopez.

Er eitthvað skemmtilegt á döfinni hjá þér? Nei, því miður ekki, er í miðjum prófum. En svo byrjar fjörið eftir 16. maí.

Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar? Ég er nú þegar með nokkur, ætli ég láti það ekki duga í bili...



ÚT Á LÍFIÐ

BUXUR: SPÚÚTNIK
SAMFELLA: NOSTALGÍA
JAKKI: EINVERA
BELTI: SPÚÚTNIK
SKÓR: GINA TRICOT
ARMBAND: NOSTALGÍA



SPARI/FÍNT

KJÓLL: NEXT
SKÓR: RIVER ISLAND




HVERSDAGS

BUXUR: RIVER ISLAND
PEYSA: NOSTALGÍA
SKÓR: VAGABOND
BELTI: SPÚÚTNIK
HÁLSMEN: AFTUR



UPPÁHALDS

KJÓLL: LEÐURKJÓLL NOSTALGÍA
BODYCHAIN: NOSTALGÍA
SKÓR: GYLTI KÖTTURINN



„Helstu kostir lagadeildar HR eru tvímælaust metnaðarfullir kennarar sem leggja mikið upp úr því að tryggja gæði námsins. Nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í tímum og að vera óhræddir við að spyrja spurninga. Fyrir vikið verður námið mun áhugaverðara og bekkurinn samheldnari.“

Marteinn Áki Ellertsson
Nemi í lögfræði

VELKOMIN Í HR

FRAMSÆKINN ALÞJÓÐLEGAN HÁSKÓLA

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ




HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



www.hr.is



ÞÆR MYNDU LÍKLEGAST EKKI KLÆÐAST ÞESSU Í DAG



ÞÆR HAFU BREYST ÞÓ-NOKKUD SÍÐAN ÞARNA



HÉR ERU ÞÆR Á NY FASHION WEEK



FÆDDIR TÖFFARAR

TVÖFALT TÍSKUGOÐ

Mary-Kate og Ashley Olsen hafi verið frægar frá blautu barnsbeini. Aðeins sex mánaða byrjuðu þær að leika í sjónvarpsþáttunum **Full House** og í framhaldinu léku þær í mörgum öðrum þáttum og kvikmyndum. Í dag eru systurnar hinsvegar þekktar sem tískugoð og hefur flottur fatastíll þeirra komið þeim langt í fatahönnunarbransanum. **Stíllinn** tók saman nokkrar myndir af Olsen-systrunum í gegnum tíðina.



EIN GÓMUL OG GÓÐ



SJÚKLEGA FLOTTAR BÅÐAR TVÆR



BÅÐAR Í DRAGT OG MED LENNON-GLERAUGU, ALVEG MED'ETTA



SYSTURNAR GANGA MIKID MED SÓLGLERAUGU OG ERU ÞAU AF ÖLLUM STÆRDUM OG GERÐUM



VIRKILEGA SMEKKLEGAR OG FLOTTAR

VINYLPLOTTUR
PLÖTUSPILARAR

ÚRVAL AF NÝJUM HÁGÆÐA 180/200 gr. ENDURHLIÐBLÖNDUBUM VINYLPLOTTUM

Hljómteki í hesta gæðaflokk frá GENEVA • Plötuspilarar frá PRO-JECT
 Heymatöl frá GRADO • Magnarar frá MARANTZ og PRIMALUNA • Hítalarar USHER og MARTIN LOGAN

www.hljomsyn.com
 hljomsyn@hljomsyn.com

HLJÓMSÝN
 ARMÚLA 3B - SÍMI 588 5010



Kaffi á Bifröst eða Xinjiang grill í Beijing?

Hvort sem þig langar í markvisst nám í friðsælu háskólaþorpi, fjarnám eða ævintýri í skiptinámi erlendis þá er grunnnámið við Háskólann á Bifröst eitthvað fyrir þig.



HHS – Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Fyrir fólk sem vill starfa við fjölmiðla, almannatengsl, stjórnmál og skapandi störf.
www.hhs.bifrost.is



Viðskiptafræði

Hagkvæm viðskiptafræði þar sem nemendur geta útskrifast með viðskiptaáætlun.
www.vidskiptafrædi.bifrost.is



Viðskiptalögfræði

Nemendur útskrifast sem lögfræðingar með greinargóða þekkingu á viðskiptalífínu.
www.vidskiptalogfraedi.bifrost.is

**Opið fyrir umsóknir
til 15. júní á bifrost.is**



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Davíð Freyr Jónsson útskrifaðist úr sálfræði með áherslu á hagfræði frá Háskólanum á Akureyri árið 2009, í miðju efnahagshruni.

Unga fólkkið er lykkillinn

Davíð Freyr þurfti að taka ákvörðun um hvort hann færi út í frekara nám eða myndi vera eftir hér og „reyna að gera gagn“. Hann kaus síðari valkostinn og ákvað að fara að veiða fisk þrátt fyrir að hafa aldrei mikið í saltan sjó. Í dag rekur hann tveggja báta útgerð sem veiðir þó ekki hefbundnar fiskitegundir, heldur tegundir sem hingað til hafa ekki verið nýttar og ekki þarf sérstakan kvóta til þess að veiða, eins og krabba, makríl og bláskel. Davíð Freyr hefur aðstöðu í frumkvöðlasetrinu í Húsi Sjávarklasans, þar sem frumkvöðlar með hugmyndir tengdar hafinu hafa aðstöðu.

Hvernig datt þér í hug að gerast útgerðarmaður?

Ég hafði aldrei unnið á sjó og hef enga sérstaka tengingu við sjómennsku. Í hagfræðitíma einhvern tíma á árinu 2007 man ég að kennarinn spurði okkur í hverju Íslendingar væru góðir. Ég hugsaði mikið út í þessa spurningu og komst að þeirri niðurstöðu að við værum ekki sérstaklega góð í neinu öðru en sjávarútvegi. Við reyndum að byggja upp fjármála-kerfi en mistókst það. Við framleiðum ál en ég sá ekki fyrir mér að ég myndi reisa álver í hveli. Þá fór ég að hugsa um að fara að veiða fisk. Fólk þarf auðvitað helst að eiga kvóta til þess að fara að veiða þorsk og ýsu og slíkt svo ég fór að skoða og kynna mér hvaða aðrar tegundir væru við landið og væri mögulegt að veiða án þess að þurfa sérstaka heimild. Árið 2008 réri ég út frá Gufunesi í Grafarvogi á 5 metra árabát sem tengdafaðir minn á og náði í grjótkrabba í gildrum. Það gekk vel svo ég ákvað að halda áfram að reyna.

Hvernig þá? Getur hver sem er keypt sér bát?

Ég hafði verið að vinna samhliða námi svo ég átti smá sparifé sem ég ætlaði að kaupa mér hlutabréf fyrir eins og var heldur betur vinsælt fyrir hrún. Pabbi og afi voru ekki sérlega ánægðir að heyra það og ég ákvað að fara eftir þeirra ráðum og keypti mér norskar krónur í staðinn. Stuttu seinna varð þetta hrún og norsku krónurnar mínar tvöfölduðust í verði þegar krónan féll. Svo ég átti nóg fyrir bát þegar ég útskrifaðist og sá fyrir mér að ég gæti farið að veiða makríl sem þá var skyndilega farinn að ganga til landsins.

Er ekkert mál fyrir óvanan mann að skella sér og veiða makríl?

Það tekur smá tíma að læra þetta. Ég þurfti að ráða menn í vinnu með mér og ótrúlegt en satt þá treysti unga fólkkið sér betur í þetta en gamlir og vanir sjómenn sem voru vanir að veiða þorsk og ýsu. Vertíðina 2009 veiddi ég 34 kíló af makríl sem er ekkert sérstaklega mikið en ég sá allavega að þetta væri hægt. Næstu vertíð á eftir réði ég tvo unga menn til mín og þá veiddum við 240 tonn af makríl og vorum með næst-afiahæsta bátinn. Síðan þá höfum við verið mest að veiða makríl, krabba og bláskel, sem hingað til hefur verið ræktað en ekki veidd villt.

Heldurðu að það sé framtíð í því sem þú ert að gera?

Ég næ að halda minni starfsemi í gangi á meðan gengi krónunnar er mér í hag og ég get boðið samkeppnishæf verð á erlendum mörkuðum. Ég held að unga fólkkið sé lykkillinn að framtíðarvexti í sjávarútvegi, það hugsar öðruvísi heldur en vanir útgerðarmenn. Það er ekki hægt að ætlast til að nýsköpun fari fram í rótgrónum fyrirtækjum og þetta gildir ekki síst um sjávarútveg. Mér finnst Íslendingar stundum hafa sofíð á verðinum hvað varðar það að nýta nýjar tegundir í kringum landið. Menn festast dálítið í því sem þeir eru að gera og hætta að hugsa út fyrir kassann. Svo þegar einn uppgötvar eitthvað nýtt þá fylgja aðrir á eftir. Ég held að það sé mjög mikilvægt að á Íslandi sé skapað umhverfi sem hvetur fólk til að reyna nýja hluti svo hægt sé að nýta auðlindir landsins sem best. Frumkvöðlasetrið í Húsi Sjávarklasans er stórt skref í þessa átt.





Notað'ann eins og þú hatir hann



Samsung
GALAXY XCOVER 2

Bráðsnjall sími sem er kröftugri en gengur og gerist!

Öflugur snjallsími í kröftugum umbúðum. Xcover 2 er með stóran snertiskjá, Android 4.1.2 stýrikerfi, 5MP myndavél og að sjálfsgöðu íslenska valmynd. Einnig er síminn með IP67 staðal sem þýðir að hann sé bæði vatns- og rykvarinn. Galaxy Xcover 2 er fullkominn sími fyrir krefjandi aðstæður og því tilvalinn fyrir íslenskt veðurfar.

SAMSUNG



VERT

ÞÚ OG PEPSI MAX Á TÓNLEIKUM ÁRSINS MEÐ BEYONCÉ

YFIR 10.000 VINNINGAR Í BODI!

Á BAKHLIÐ BEYONCÉ FLÖSKUMÍÐANS FINNUR ÞÚ LUKKUNÚMERIÐ ÞITT.


ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR

 Tónlist.is



Langar að læra íslensku

David James segist hafa orðið ástfanginn af Íslandi á mjög skömmum tíma. Hann ræddi við **Monitor** um íslenska tónlist, brandarakallinn í enska landsliðinu og væntingar sínar til íslenska sumarsins.



Það eina sem hefur valdið mér vonbrigðum við Ísland til þessa er skorturinn á norðurljósum þegar ég hef verið hér. Hermann lofaði mér að það yrðu norðurljós, svo er ég búinn að vera vakandi um allar nætur til að sjá þau en þau koma aldrei," segir knattspyrnumaðurinn David James á léttum nótum þegar hann sest niður með blaðamanni Monitor. Líkt og allir íþróttaáhugamenn vita er David James fyrrverandi landsliðsmaður Englendinga sem er nú mættur til Íslands til að leika með ÍBV, ásamt því að starfa sem aðstoðarþjálfari liðsins við hlið Hermanns Hreiðarssonar. Óhætt er að segja að um sé að ræða mikinn hvalreka fyrir Eyjamenn sem og íslenskan fótbolta yfir höfuð. Blaðamaður Monitor hitti þennan viðkunnalega breska sálfræðinema og ræddi við hann um íslenska tónlist, Vestmannaeyjar, brandarakallana í enska landsliðinu og hvort Beckham sé jafngallalaus og hann lítur út fyrir að vera.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Kristinn Ingvarsson

einar@monitor.is
kring@mbl.is

Velkominn til Íslands, herra David James. Það er frábært að fá þig hingað í íslenska boltann en ég verð að spyrja, hefðir þú ekki frekar átt að fara til Kína eða Katar og fá skriljónir fyrir að spila nokkra leiki í stað þess að koma hingað?

Ég kom ekki til Íslands til að verða ríkur enda hefur ferillinn minn verið drifinn áfram af peningum. Þetta er dásamlegt land og ég er í alvörunni orðinn ástfanginn af því á mjög stuttum tíma, sem er ekki eitthvað vanalegt fyrir mig jafnvel þótt mér finnst gaman að ferðast. Hermann er góður vinur minn og hann hringdi í mig fyrir nokkrum mánuðum síðan og sagði: „Þú ert að fara að spila með ÍBV og þjálfar með mér.“ Ég féllst á það og það var ekki beint vegna spilamennskunnar. Ég elska að spila fótbolta en það er eitthvað sem ég hefði alveg getað haldið áfram að gera á Englandi. Ég á fjölskyldu þar, fjögur börn, sem eru reyndar flest farin að nálgast fullorðinsaldur, en það var þjálfunartækifærið sem mér fannst sérstaklega spennandi. Ég er að vinna að því að ná mér í þjálfaragráðu svo þetta hentaði mér vel á þeim stað sem ég er á lífinu einmitt núna.

Það er eitt að flytja til Íslands og það er annað að flytja í 4.500 manna bæjarfélag á Íslandi. Þú hlýtur að hafa fengið spurninguna „af hverju Vestmannaeyjar?“ frá vinum í heimalandinu.

Auðvitað og svarið er „af hverju ekki?“ (hlær). Nú er ég búinn að vera hérna í viku og maður má ekki snúa sér við án þess að sjá eitthvað spennandi. Um daginn fórum við Hermann til dæmis út á rokstaðinn á eyjunni, ég kann ekki að bera nafnið fram (innskot: Stórhöfði) og það var gullfallegt. Svo er fjölbreytileikinn milli daga hérna svo magnaður. Um daginn var glampanði söl á æfingu en samt -2 gráður og svo daginn eftir var kominn snjór. Eftir einn hring á eyjunni fannst mér eins og ég hefði komið við á þremur ólíkum plánetum.

Hefur þú fengið einhver viðbrögð frá fyrrverandi landsliðssamherjum við þessum vistaskiptum?

Nei, svo sem ekki, ég held að þeir viti hvernig ég er. Ég er flakkari og hef spilað með mörgum liðum. Þú nefndir að vissulega hefði ég getað farið eitthvert annað eða verið áfram á Englandi og lifað „þægilegra lífi“ en það höfðaði ekki jafnvel til mín. Ég hefði kannski getað þjálfað eitthvað unglingsliði á Englandi, en þar keppa lið leiki sem skipta engu máli þegar öllu er á botninn hvolft. Hér er ég þátttakandi í íþróttastarfi sem skiptir heilt bæjarfélag máli.

Eftir að ég hitti strákana í ÍBV í fyrsta sinn fann ég bara að hér var á ferðinni tækifæri til að þjálfar á öllum réttu forsendunum. ÍBV er lið í efstu deild í sínu landi, það er í undankeppni fyrir Evrópukeppni og mér fannst bara svo gefandi að hitta leikmennina, sem flestir eru í fullu starfi með boltanum, og ræða við þá um þeirra ólíku persónulegu markmið. Hlutverk mitt sem þjálfari er að nýta mína reynslu af fótboltaheiminum til að hjálpa þeim að þróast sem leikmenn og ná sínum markmiðum.

Gast þú tengt eitthvað annað við Ísland en Björk og Hermann Hreiðarsson áður en þú komst hingað?

Ég heyrði auðvitað um eldfjallið sem olli öllum flugvandæðunum um árið en annars ekki margt og ég hafði aldrei komið hingað. Það hljómar kannski furðulega en ég þurfti reyndar að hugsa mig um hvort ég hefði nokkuð komið hingað áður því ég hef auðvitað ferðast mikið á fótboltaárunum, til dæmis með Liverpool í Evrópukeppnum, en þá kynnist maður samt aldrei áfangastöðunum og man varla eftir þeim.

Hermann hefur verið duglegur við að fara með mig í bíltúra, ég er búinn sjá nokkra hverfi, fossa og Bláa

lónið. Bláa lónið er samt hvítt en ekki blátt, er það ekki? Það er dálítið eins og Disneyland náttúrunnar, þangað fara allir túristarnir. Eins og þú heyrir hlakka ég ekki bara til fótboltans heldur ætla ég líka að reyna að vera duglegur við að hoppa upp í ferjuna og skoða Ísland.

Ert þú þá búinn að verða þér úti um frípassa í Herjólf?

Nei, ekki ennþá allavega. Ég fæ mér kannski bara kajak (hlær). Ég fór í ferjuna um daginn og það var ótrúlegt. Himinninn og hafsið, allt var skærblátt, tunglið var á lofti og það liggur við að þetta hafi minnt mig á Titanic. Ég er mjög hrifinn af myndlist og ljósmyndun þannig að þetta var algjör veisla fyrir mig með myndavélina.

Þið Hermann hafið ekki stíllt ykkur upp í stafni skipsins og hermt eftir frægasta atríðinu í Titanic?

Nei, reyndar ekki (hlær). Það var of kalt til þess.

Ert þú með íbúð í Vestmannaeyjabæ eða verður þú á hóteli?

Ég bý í íbúð með frænda mínum (e. nephew) sem kom með mér til landsins. Það er reyndar dálítið sjokk fyrir mig að búa með einhverjum, ég er vanur að hafa allt pláss út af fyrir mig, en þetta verður bara frábært.

Hver er frændi þinn?

Hann heitir James Frayne og spilaði áður með unglingsliði Liverpool en datt svo tímabundið út úr fótboltanum. Hann var síðan byrjaður að spila aftur og þegar Hermann sagði mér að ÍBV hefði misst 8-9 leikmenn frá síðasta tímabili þá stakk ég upp á því að hann kæmi að æfa með okkur.

Það er gömul klisja hérlendis að þekktir erlendir einstaklingar sem koma til Íslands eru kallaðir Íslandsvinir upp frá því og ert þú sjálfkrafa orðinn ævilangur Íslandsvinur. Ert þú reiðubúinn að ganga enn lengra og verða næsti „tengdasonur Íslands“?

Nei, ég er hér í vinnuerindum og það er bara þannig (hlær). Takk samt fyrir að kalla mig Íslandsvin, ég kann að meta það.

Þú hefur búið í nánast öllum stærstu borgum Englands en eins og áður segir búa bara um 4.500 manns í Vestmannaeyjabæ. Óttast þú ekkert að þér eigi eftir að leiðast?

Alls ekki. Ég er með eldfjall á vinstri hönd, lunda til hægri og fjöll til að klífa (hlær). Nei, að öllu gríni slepptu hef ég ráðstafað frítíma mínum ágætlega. Sem stendur er ég að læra sálfræði í fjarnámi frá The Open University. Svo mála ég, les bækur, skrifa og hlusta auðvitað á íslenska tónlist.

Á Liverpool-árunum þínum komst tölvuleikjaspilun þín í umfjöllun fjölmiðla og var talað um að þú værir háður þeim. Ert þú sem sagt hættur að spila þá?

Já, ég er hættur því. Það er að segja, ég kem ekki nálægt leikjatölvum lengur en ég spila leiki í iPhone-inum. Ég er löngu kominn með leiða á Angry Birds en hef til dæmis nýlega verið að spila 4 Pictures 1 Word. Ég kláraði hann á einni nóttu. Þetta getur orðið smá árátta hjá mér (brosir).

Og þú talar um íslenska tónlist. Núna þekkir þú einhverja fleiri íslenska tónlistarmenn en Björk, ekki satt?

Jú og núna kemur áráttuhegðunin mín aftur í ljós (hlær). Ég heyrði fyrst í Of Monsters and Men í bílnum hjá Hermann og mér fannst þetta bara allt í lagi en síðan small allt í einu eitthvað og eftir það hlustaði ég á plötuna þeirra í tvo sólarhringa samfleytt.

Ég hef líka hlustað mikið á Retro Stefson og sá myndbandið þeirra þar sem strákarnir eru klæddir eins og dragdrotningar. Svo er það Ásgeir Trausti, ég keypti plötuna hans á flugvellinum. Ég kann sérstaklega að meta lagið Nýfallið regn en eini gallinn við það er að það er bara þrjár og hálf mínúta, ég vildi að það væri lengra.

Á dögunum áttir þú einmitt í samskiptum við Ásgeir Trausta á Twitter sem enduðu með því að hann setti þig á gestalista á tónleikunum sínum. Mættir þú?

Nei, því miður. Ég fór mjög spennur til Hermanns og sagði honum að ég hefði reddað okkur frímiðum á tónleika á föstudagskvöldi hjá Ásgeiri Trausta en þá setti hann upp svip sem gaf til kynna að það hentaði ekki nógu vel. Getum við ekki farið, spurði ég en það gekk ekki, því miður. Ég var í farbanni. Svo á Ásgeir Trausti að spila í London í maí, skilst mér, en þá

verð ég í Vestmannaeyjum. Við Ásgeir Trausti erum greinilega eins og norðurljósin, við erum aldrei á sama stað á sama tíma.

Þælir þú mikið í tónlist?

Já, dálítið og eins og þú heyrir hef ég þælt aðeins í þessari íslensku tónlist. Kannski er þetta undir áhrifum frá sálfræðináminu mínu en mér finnst svo athyglisvert hvað Íslendingar virðast almennt vera glatt fólk. Ég sé bara hvernig Hermann heilsar öllum og svona hvað það er góð stemning hérna. Hann tæklar fólk reyndar alltaf þegar hann heilsar því, en það er annað mál. Síðan er hins vegar tónlistin hérna og önnur list dálítið dimm á ákveðinn hátt. Íslensku hljómsveitirnar eru jafnvel að spila hress lög sem fjalla um það að vera leiður á meðan á Englandi er listin aðallega glöðleg en mikið af fólk sem er vansælt. Það er virkilega áhugavert að velta fyrir sér andstæðunum í þessu hérlendis, hvað allir eru glaðir en listin er dimm.

Ég heyrði fyrst í Of Monsters and Men í bílnum hjá Hermann [..] síðan small allt í einu eitthvað og eftir það hlustaði ég á plötuna þeirra í tvo sólarhringa samfleytt.

Þú sagðir mér að væntingar þínar til fótboltasumarsins væru að hver og einn leikmaður ÍBV taki framförum og geri betur en í fyrra. En hverjar eru væntingar þínar til sumarsins utan boltans?

Mig langar að læra íslensku ásættanlega, þó svo að það gangi kannski ekkert sérstaklega vel sem stendur. Ég er með eitthvað app í símanum sem virkar ekki alveg nógu vel. Eins og ég segi langar mig síðan að nýta frítímann minn til að skoða landið og mér sýnist sólin hérna ætla að sjá til þess að ég hafi nægan tíma með því að vekja mig snemma á morgnana (hlær).

Ég þykist vita að þú hafir heyrt um Þjóðhátíð í Eyjum. Verður þú þar?

Fyrst þegar ég heyrði um Þjóðhátíð hugsaði ég: „Frábært, þrjú dagar af skemmtun,“ hvort sem það tengist drykkju eða ekki. Svo kom í ljós að við eigum leik á miðvikudeginum eftir helgina og þá gengur ekki upp að skemmta sér alla helgina. Í ljósi þessa erum við byrjaðir að kortleggja hvernig við útfærum þessa helgi hjá okkur. Ég er sem sagt ekki viss með sjálfan mig. Þetta er lítil eyja og það verður mikið af fólk þarna þannig að kannski er best að ég verði bara í íbúðinni minni á meðan á hátíðinni stendur. Það verða reyndar hljómsveitir þarna sem mig langar að sjá þannig að ég er á báðum áttum sem stendur.

Þú varðst atvinnumaður í fótbolta árið 1988 eða með öðrum orðum fyrir fall Berlínarmúrsins. Hefur fótbolti verið þér allt síðan þú manst eftir þér?

Fótbolti hefur alltaf verið stór hluti af lífi mínu en ég var líka á milljón í öðrum íþróttum. Ég var í fimleikum, boxi, rúgbí, tennis, körfubolta – ég prófaði sem sagt allt. Ég var aldrei með neitt plan og kannski er það ástæðan fyrir því að ég er svona mikill flakkari.

Ég hugsaði aldrei: „Ég ætla að verða fótboltamaður og eiga farsælan feril.“ Til dæmis þegar ég var 14 ára var mér boðinn unglingsamningur í fótbolta og frjálsum íþróttum. Ég var óviss hvað ég ætti að gera af því á þessum árum voru fótboltaaðstæður ekki upp á sitt besta, það var mikið um fótboltabullur og ofbeldi. Mér var sagt að ef ég héldi áfram í frjálsum gæti ég orðið góður hástökkvari og jafnvel komist á Ólympíuleikana og eignast einhver landsmet. Fyrir mér snerist þetta fyrst og fremst um að ná einhverjum árangri. Ég endaði á að gefast upp á frjálsum íþróttunum, sá ekki lengur fram á að geta haft almennilega atvinnu af því og henti mér út í fótboltann af heilum hug þegar ég var 17 ára.

Talandi um árangur þá átt þú metið yfir að hafa oftast haldið heinu í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta, það er 173 sinnum. Hverjir eru hápunktar ferils þíns?

Ég hugsa alltaf til fyrsta leiks míns sem atvinnumaður fyrir Watford. Í þessum heimi verður þú að eiga góðan fyrsta leik því ef þú gerir það ekki, þá eignastu ekki feril. Tímarnir hjá Portsmouth með Hermann eru líka

TJALLINN

Bítarnir eða Rolling Stones?

Rolling Stones

Spice Girls eða Adele?

Hvorugar.

Sigurleikur gegn Argentínu

eða Þýskalandi? Þýskalandi.

Egg og heikon eða „fish and chips“? Fish and chips.

Tebollí eða „pint“ af bjór? Te.

FERILLINN

Þrjú bestu samherjarnir: Hermann, Richard Hughes og Robbie Fowler.

Þrjú erfiðustu mótherjarnir: Ronaldo, Micheal Owen og Thierry Henry.

Mest þirrandi mótherjarnir: Sömu þrjú.

Besti þjálfarinn: Eddie Howe hjá AFC Bournemouth eða Harry Redknapp hjá Portsmouth.

Eftirminnilegasti leikvangurinn: Gamli Wembley. Hann hafði svo mikla sögu.

Stoltasta augnablikið: Að spila fyrir þjóð mína.

Síðasta skipti sem ég grét á fótboltavelli: Úrslitaleikurinn í FA Cup árið 2000.





eftirminnilegir, til dæmis þegar við urðum bikarmeistarar árið 2008. Svo hugsa ég um landsleikina. Ég átti margar frábærar stundir sem landsliðsmarkmaður. Að spila á HM í fyrsta skipti orðinn 39 ára (á HM 2010), var til dæmis ótrúlegt. Svo verður leikurinn á sunnudaginn næstkomandi fyrsti leikurinn minn á ferlinum fyrir lið sem er ekki í heimalandi mínu, þannig að það má segja að það verði nýr hápunktur.

Eins og þú segir hefur þú spilað á HM og EM með landsliði Englands. Hvernig upplifðir þú pressuna sem fylgir því að spila með enska landsliðinu?

Stundum var það vandamál, stundum ekki. Það komu tímar þar sem maður svaf ekki á næturnar, til dæmis eftir leiki. Sum af mínum stærstu mistökum inni á fótboltavelli gerði ég með landsliðinu. Ég átti einn versta leik ferils míns gegn Danmörku einu sinni þar sem ég kom inn á í hálfleik og fékk svo á mig fjögur mörk og var bara hræðilegur. Eftir svoleiðis leik fékk maður mikla gagnrýni frá fjölmiðlum og stuðningsmönnum og maður var auðvitað miður sín. Sem betur fer náði maður síðan að snúa til baka og eins og ég segi, nokkrum árum seinna var ég að spila á lokamóti HM fyrir Þjóðina. Svo á ég virkilega sætar minningar eins og þegar við tryggðum okkur þátttökurétt á EM 2004 með jafntefli gegn Tyrklandi. Um daginn fór ég að horfa á dóttur Hermanns spila í fótbolta og þær unnu leik og fögnuðu með því að dansa í hring og það minnti mig samstundis á okkur þegar við fögnuðum eftir leikinn gegn Tyrklandi. Við vorum sem sagt eins og 10 ára börn (hlær).

Þú hefur líka spilað fyrir Liverpool. Bæði Liverpool og enska landsliðið eiga marga stuðningsmenn hérlendis svo ég verð að spyrja fyrir hönd þeirra: Munu þessi lið aldrei vinna neitt?

England á við vandamál að stríða og það skrifast á aðstreymið af erlendum hæfileikamönnum til landsins. Við erum með eina af, ef ekki sterkustu fótboltadeild heims og það laðar að sér frábæra leikmenn alls staðar úr heiminum. Þetta hefur auðvitað orðið til þess að það hefur orðið erfiðara fyrir enska leikmenn að brjótast í gegn og þróast almennilega.

Hvað Liverpool varðar þá sá ég þá nú vinna Newcastle 6-0 um daginn en vissulega vinnst enginn titill af einum góðum leik. Það er í raun ótrúlegt að liðið hafi ekki orðið enskur meistari allan þennan tíma. Ég var þarna í 7 ár og við unnum augljóslega aldrei titilinn og á tímabili hugsaði ég með mér hvort ég bæri einhverja ábyrgð á því. Núna eru hins vegar liðin 14 ár síðan ég var þar og 20 ár síðan liðið vann ensku deildina. Klúbburinn er ennþá svo risastór samt. Ég var til dæmis nýlega í Abu Dhabi og sá að þar halda allir annaðhvort með Man Utd eða Liverpool. Það væri gaman að sjá Liverpool ná allavega Evrópusæti í ár. Það væri reyndar ennþá skemmtilegra ef ÍBV næði síðan að mæta þeim í Evrópukeppninni, er það ekki (hlær)? Ég vona allavega að Liverpool nái sér á strik aftur. Við getum orðað það þannig að ég gleðjist ekki yfir því hvað Man Utd hefur gengið vel á undanförmum árum en þeir eiga það samt skilið.

Getur þú deilt með okkur góðri sögu úr búningsklefanum með enska landsliðinu?

Nei, því miður. Eins og sagði hef ég átt góðar stundir og verri stundir með landsliðinu en ég kyssi ekki og kjafta (e. „I don't kiss and tell“).

En getur þú sagt mér, er Beckham jafn gallalaus og hann virðist vera?

David er frábær náungi. Ég hef auðvitað fengið að kynnast mjög mismunandi stemningu í hinum ýmsu búningsklefum, til dæmis var stemningin í hópnum sem ég var í núna síðast í Bournemouth alveg frábær, sennilega einn besti hópur sem ég hef verið hluti af. Þegar ég spilaði með Englandi deildi maður búningsklefa með þessum ofurstjórnnum eins og David Beckham, Wayne Rooney, Frank Lampard, Steven Gerrard og svo framvegis og það var svo upplifgandi að komast að því að allar þessar stjórnur landsliðsins væru allt saman góðir gaurar. Ég hef nefnilega líka verið í búningsklefum hjá félagsliðum með ofurstjórnnum sem voru algjörir fávitar.

Hver var hressasti gæinn í enska landsliðinu?

Það var líklega Rio Ferdinand eða Wayne Rooney. Það er mjög fyndið hvernig fyrirkomulagið í liðsrútnni er hjá svona liði, það er næstum því eins og í skólabilum, myndu gæjarnir með fiflalætlin enda aftast og þeir rólegu fremst. Rio og Wayne eru miklir brandarakallar. Svo er einmitt svo aðdáunarvert hvernig þegar eins og þeir geta verið svona miklir brandarakallar utan vallar og svo um leið og þeir mæta inn á völinn hugsa þeir ekki um neitt annað en að vinna leikinn og eru 100% einbeittir. Þeir eru fagmenn sem er virkilega gaman að fylgjast með. Ég var síðan að horfa á Chelsea-leik um daginn með kvennaliði ÍBV og þar er annar fagmaður, Frank Lampard. Það var svolítið fyndið að geta sagt við stelpurnar: „Hey, þarna er Frank. Hann er frábær gaur.“ Hann er líka mikill fagmaður en hann var reyndar með slæma hárgreiðslu um helgina (hlær).

Talandi um hárgreiðslur, þú hefur verið frægur í gegnum tíðina fyrir að vera ófeiminn við að skarta nýjum hárgreiðslum. Ert þú búinn að finna þér flinkan hárgreiðslumeistara úti í Eyjum?

Nei, eins og sjá má er hárið mitt dálítið villt þessa dagana. Það er reyndar stelpa í kvennaliði ÍBV sem er frá Jamaíka. Ég var að þæla hvort ég ætti að fá hana til að hjálpa mér við hárið mitt því ég hef verið að íhuga að byrja að vera með fléttur aftur. Við sjáum hvað setur.

Þú ert virkur á Twitter. Munu íslenskir aðdáendur geta átt í samskiptum við þig þar?

Ég er búinn að vera í smá veseni undanfarið með Twitter því ég er sjaldan nettengdur en mér skilst að það eigi að fara að lagast. Annars tala ég við alla á Twitter um hvað sem er, innan skynsamlegra marka. Ég hef nú þegar fengið nokkur tíst frá Íslendingum og ég reyni

að svara eftir bestu getu. Annars á ég í smá vandræðum með að skrifa íslenska stafrí, sem ég verð náttúrulega að láta laga það. En já, ég bíð bara eftir að stuðningsmenn FH fari að nöldra í mér eftir að við hirðum af þeim titilinn (hlær).

Tímabilinu á Íslandi lýkur í september. Lýkur ÍBV-ævintýrinu þínu þá eða munt þú kannski skrá þig í háskólann á Íslandi til dæmis næsta vetur og taka næsta tímabil líka?

Ég veit það ekki. Ég er bókaður í sjónvarpsverkefni á Englandi fyrir næsta tímabil í ensku úrvalsdeildinni þannig að ég verð þar allan næsta vetur. Hvað síðan gerist á næsta ári veit enginn. Eins og ég hef sagt kom ég hingað sérstaklega til að þjálfra og ég vil ná árangri á þessu tímabili. Ef það tekst verð ég að staldra við og hugsa, get ég hjálpað liðinu ennþá meira? Get ég gert

þetta á nýjan leik? Framtíðarákvörðunin mun byggja á því en ég veit ekki svarið núna. Þetta sjónvarpsverkefni var bókað áður en Hermann nálgadist mig en eins og ég segi kann ég mjög vel við mig hérna svo kannski enda ég bara á að kaupa hús í Vestmannaeyjum, hver veit?

Liggur framtíð þín sem sagt í þjálfun og sjónvarpsmennsku?

Ég stefni á að verða aðalþjálfari liðs einn daginn. Til þess þarf ég að halda áfram að mennta mig í þeim efnum og prófa mig áfram sem aðstoðarþjálfari fyrst og svo fer ég bara þangað sem lífið leiðir mig. Ef þú hefur spurt mig fyrir þremur mánuðum hvar ég yrði í lok apríl/byrjun maí, þá hefði ég líklega ekki sagt þér að ég yrði sitjandi á Íslandi að tala við blaðamann um íslenskan fótbolta. Það hefði allavega ekki verið ein af mínum fyrstu ágiskunum.

Stofnaður 1952



Skólaárið 2013–2014

Inntökupróf

Þekking
Reynsla

Fagmennska
Gæði

Úrvalskennarar í klassískum
og nútíma listdansi



Myndirnar eru teknar á sýningum skólans.
Ljósmyndarar: Joe Ritter og Valgarður Gíslason

Listdansskóli Íslands



Inntökupróf fara fram
laugardaginn 4. maí 2013
Rafræn skráning á
www.listdans.is

Grunndeild árgangur 2004
og eldri koma í inntökupróf
klukkan 12–13:30

Framhaldsdeild árgangur
1997 og eldri koma í
inntökupróf klukkan 14–17


Tekið verður inná bæði
nútíma listdansbraut og
klassíska listdansbraut.

Nemendur Listdansskóla
Íslands fá fjölmörg tækifæri
til að sýna á sýningum
skólans sem og við önnur
tækifæri eins og með
Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Farsæl starfsemi í yfir 60 ár


Staður
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar
www.listdans.is
588 91 88



GESTSAUGAÐ

Það sem ég vissi um
Ísland áður en ég kom
hingað: Björk og Hermann
Hreiðarsson.
Það fallegasta sem ég hef
séð hér: Útsýnið úr Herjólf.
Það sem hefur komið mér
mest á óvart: Verðlagið á
mat.
Besti maturinn sem ég
hef fengið: Hrossasteik,
gullfallegur matur.
Íslensku orðin sem ég hef
lært: „Góðan daginn“, „bless
bless“, „hvað segir þú?“,
„takk“ og „sjáumst“.



Á milli heims og helju



tónlist

Freyr Árnason
monitor@monitor.is

Sumir hafa eflaust komist nær himnaríkinu en aðrir. **Freyr Árnason** veit um nokkra tónlistarmenn sem á tímabili voru nær dauða en lífi.

The Game

3 DAGAR Í DÁI

Áður en Game fór að gera tónlist hafði hann gaman að því að selja fólki eiturlyf. Eins og gefur að skilja getur kúnnahópurinn verið miserfiður og enduðu ein viðskiptin á þann hátt að væntanlegur kaupandi skaut hann fimm sinnum í stað þess að borga fyrir vöruna. Endaði okkar maður því uppi á spítala í dái í 3 daga.

Hverju hefðum við misst af: Öllum sem Game hefur nokkum tímum snert á.


Stevie Wonder

4 DAGAR Í DÁI

Eftir langa tónleika á leið sinni heim í bíl keyrði bíll Wonders inn í hliðina á flutningabíl. Stevie sem augljóslega var ekki að keyra slasaðist illa og lá í 4 daga í dái. Eftir að hann vaknaði tók hann töluverðan tíma að ná sér á strik og fann meðal annars enga lykt í nokkurn tíma, sem hefur skilið hann eftir með aðeins heyrnina. Stevie sagði að dáið hafi hjálpað honum að ná nýjum andlegum hæðum og samdi lagið Higher Ground um þessa andlegu lífsreynslu sína að vera lifandi dáinn.

Hverju hefðum við misst af:

Lögum eins og Part-Time Lover ásamt megninu af stærstu hitturunum hans þar sem slysið varð akkúrat á þeim tíma sem hann var að taka skrefið frá því að vera vinsæll yfir í að vera súperstjarna.



Ozzy Osbourne

8 DAGA Í DÁI

Í desember 2004 var Ozzy staddur á óðalsetri sínu í Bretlandi þegar hann ákvað að fara út á fjórhjól. Ferðin lukkaðist ekki betur en svo að hann hrundi niður brekku með hjóli ofan á sér og endaði í dái í 8 daga. Á leiðinni á sjúkrahús var Ozzy tvisvar úrskurðaður látinn en líkami hans sem virðist nú ekkert vera sá sterkbyggðasti í veröldinni neitaði að gefast upp.

Hverju hefðum við misst af:

Síðustu þremur mánuðunum af raunveruleikaseríunni The Osbournes en sýningum var hætt í mars 2005. Endurkomu Black Sabbath og nýrri plötu þeirra sem á að koma út í sumar.



Kurt Cobain

1 DAG Í DÁI

3. mars 1994 var Kurt Cobain staddur í Róm ásamt konu sinni Courtney Love. Drakk Kurt okkar of mikið kampavín í bland við of mikið Rohypnol sem endaði illa. Úr varð að ástkona hans fór með hann á sjúkrahús þar sem hann lá í dái heilan dag.

Hverju hefðum við misst af:

Mánuði eftir að Kurt vaknaði úr dáiinu fannst hann látinn á heimili sínu í Seattle. Síðasti mánuður í lífi hans var um margt skrautlegur. Samband hans við Courtney Love gekk erfiðlega og forðaðist hann að hitta hana eins og hann gat. Á endanum féllst hann á að skrá sig í meðferð í LA en strauk þaðan og eyddi síðustu dögnum í Seattle einsamall ásamt eiturlyfjum og byssu.



Lög sem þú hélt að væru frumsamin

Cyndi Lauper gerði allt vitlaust með laginu **Girls Just Wanna Have Fun** árið 1983. Fjórum árum fyrr hafði **Robert Hazard**, ólíklega frændi **Eden Hazard**, gefið þetta sama lag út undir eigin merkjum. Texti lagsins var þó töluvert perralegrí í túlkun Roberts auk þess sem hrátt og þungt sáandið var ekkert að gera þetta huggulegra. Robert hefur líklegast ekkert grátið það að útgáfa Lauper varð vinsælli en sín enda lifði hann á þessu lagi til æviloka.



Aðeins nær okkur, í kringum aldamótin síðustu kom **Lou Bega** fram á sjónarsviðið með lagið **Mambo No. 5**. Flestir hafa haldið að um frumsamið efni hafi verið að ræða, ef ekki af Lou Bega sjálfum þá einhverjum sænskum lagasmíðavélum. En nei, 50 árum fyrr hafði Kúbaninn **Perez Prado** samið og gefið út **Mambo no. 5** á plötunni **Perez Prado Plays Mucho Mambo for Dancing**. Til gamans má geta að Perez gerði fjöldann af Mambo númer eitthvað-lögum en fyrir utan það fimmta var aðeins **Mambo no. 8** sem náði vinsældum. Spurning hvort Lou Bega taki það næst.



P!nk

1 DAG Í DÁI

Árið 1995 var Pink ekki ýkja gömul en að eigin sögn var hún mikill djammari frá 12 til 16 ára aldurs. Hún var á öllum raftónlistar-eiturlyfjum og seldi meðal annars e-pillur, crystal meth og Special K. Þá er ég ekki að tala um morgunkornið. Þegar hún var sextán ára var hún flutt í flýti á sjúkrahús þar sem hún var lífguð við eftir að hafa tekið fullharkalega á því og tekið of stóran skammt. Eftir þetta snerti hún ekki aftur á fíkniefnum, sem verður að teljast jákvætt. Hún sagði sig úr vonlausu stelpubandi sem hún var í og restin er sagnfræði.

Hverju hefðum við misst af: Öllum ferli Pink.

Alltaf hélt ég að lagið **Twist & Shout** sem **Bítlarnir** gerðu ofurvinsælt löngu áður en ég og flestir lesendur komum í heiminn hafi verið samið af þeim **Lennon** og **McCartney**. Seinna lærði ég að það væri endurgerð af lagi Isley-bræðra. En til að gera þetta ennþá flóknara er **Isley Brothers**-útgáfan einnig cover-útgáfa af lagi sveitarinnar **Top Notes**, sem aldrei varð fræg. Allt er þegar þrennt er sagði einhver. En þar sem þetta lag er orðið mökk gamalt hafa að sjálfsögðu endalausar útgáfur verið gefnar út síðan Bítlarnir tóku það.



#monitormynd

Ert þú í Instahring Monitor?

Merktu þína mynd með **#monitormynd**
og vertu með í gleðinni.

Myndirnar birtast sjálfkrafa á nýja vefsvæðinu okkar, **monitor.is**,
auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning
því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.

MONITOR



43.498 km af snilld

Heimsborgarinn og hugsjónamaðurinn **Hjálmar Karlsson** tók þá skyndiákvörðun í janúar að skella sér í þriggja mánaða reisu og var hann svo elskulegur að deila upplifun sinni með **Monitor**.

ANGKOR WAT HOFIN Í ÖLLI SÍNU VELDI ÁSAMT 187CM OG 80KG AF KJÖTI

Sæl elsku börnin mín, Hjálmar hér. Mig langaði í þessu tölublaði að bregða örlítið út af vananum og segja ykkur frá ferðalagi sem ég lagði í.

Eins og Íslendingar þekkja af eigin raun geta vetrarmánuðurnir orðið ansi melankólískir og þungir á okkar fögru eyju og halda því margir í ferðalög á þeim tíma í leit að D-vítamíni. Ég er engin undantekning þar en það hafði lengi blundað í mér sú þrá að heimsækja framandi lönd og eftir að hafa lagst undir feld, ákvað ég með 12 daga fyrirvara að nú væri minn tími kominn. Með vasana fulla af væntingum fékk ég aðstoð frá ferðaskrifstofunni Kilroy til að teikna upp grófa ferðaáætlun, græjaði vegabréfsáritanir og lét bólusetja viðkvæman líkama minn fyrir þessu helsta sem Asían býður upp á.

Ég mætti kokhraustur upp á Leifsstöð með mittisbudduna á sínum stað, sólaráburðinn vel smurðan í andlitið og hálf apótek í farteskínu ef eitthvað kæmi upp á, þvilíkur túristi!

25 árin vegna síendurtekinna árása aðskilnaðarhreyfingar Tamíl tigranna á bæði stjórnmálamenn og borgara, virðast stjórnvöld staðráðin í að gera þetta fallega land að ferðamannastað. Hermenn með riffila voru á hverju götuhorni sem fylltu mann af bæði alvöru og falskri öryggiskennd. En stærri ógn leitaði á mig í Sri Lanka því moskítóflugurnar litu á mig sem hlaðborð og það var kominn tími á kvöldmat! Eftir að vera kominn með sýkingar og gróft í nær öll bit og með tvöfaldan handlegg í farteskínu var heimilisfólkinu sem ég gisti hjá ekki til setunnar boðið og fóru með mig á spítala til að fá lyf.


Eftir sex daga í þessu fallega landi þakkaði ég pent fyrir mig, bætti lyfjum á lagerinn og hélt ferðalagi mínu áfram í þeirri trú að ég þyrfti svo sannarlega ekki að fara á spítala aftur í þessari ferð, „boy was I wrong“!

ekki nema 9500 krónur fyrir herlegheitin, ekki slæmt það! En Adam var ekki lengi í paradís því þegar komið var sunnarlega í landið gerðu moskítóflugurnar aðra árás og í þetta skipti af öllum krafti. Sýking blossaði aftur upp í aumum og varnarlausum líkama Hjálmars og var það orðið svo glæsilegt að ég passaði ekki í skoðinn lengur, svo bólginn var fóturinn. Þá var lítið annað að gera en að skella sér á spítala en í þetta skiptið hélt ég að ég væri orðinn algjör reynslubolti og skellti mér á almennan spítala í stað einkaspítala (maður þurfti nú að setja sig inn í menninguna, ekki satt)! Þar var mér vísað á legubekk en við hliðina á mér sat Víetnami sem virtist vera með stungusár í maganum, svo mikið blæddi úr greyinu! Eftir að hafa talað við lækni sem talaði enga ensku en hafði samt komið til Noregs fyrir 20 árum, var kallað á roska hjúkku sem kom askvaðandi með tvær glæsilegar og flennistórar sprautur og bað mig vinsamlegast að gyrða niðrum mig. Þrátt fyrir að allar viðvörðunarbjöllur í líkamanum mínum hafi farið af stað á þessum tímamarki þá treysti ég hálforska læknum mínum og lét mig hafa það að vera stunginn einu sinni í rasskinnina og einu sinni í handlegginn með lyfi sem ég kann ekki deili á. Nýsprautaður, búinn að kaupa jakkaföt og einnig vera rændur símanum héldum við áfram för okkar og var næsti áfangastaður Kambódía!

ÁHUGAVERÐ STAÐREYND: Í Víetnam er Víetnamstríðið kallað Ameríska stríðið.



SKÖMMUSTULEG SJÁLFSMYND Í SRI LANKA ÞAR SEM ÉG ÁTTI ENGAN VIN



MR. LAO SKUTLAÐI MÉR ÚTUM ALLT Á VESPUNNI SINNI Í VIETNAM



ÞESSI BYSSU-BRANDUR ER KNÁR ÞÓ HANN SÉ SMÁR!

Smánaður af moskítóflugum

Eftir þriggja tíma flug til London, níu tíma stopp þar, tíu og hálf tíma flug þaðan og að hafa verið vakandi í það sem virtist hálf ár var ég loksins kominn á minn fyrsta áfangastað, Sri Lanka.

Þegar ég gekk út af flugvellingum í Diesel-gallabuxunum mínum og þykku hettupeysunni minni var ég sleginn í andlitið af 34 gráðu hitabeltisloftslaginu og bölváði ég stamstundis sínu buxunum mínum, sem á þessum tímamarki voru byrjaðar að límast við mig vegna svita, í sand og ósku. En fjandakornið, Hjálmar lét ekki deigan síga og kom sér fyrir í ómerkum leigubíl og hélt í átt til höfuðborgarinnar, Colombo, þar sem ég átti bókaða heimgistingu.

Þrátt fyrir að mikil ókyrrð hafi átt sér stað í Sri Lanka síðustu

Tár, bros og jakkaföt

Eftir fjóra stór-áfallalusa daga í höfuðborg Víetnam, Hanoi, hitti ég loksins á tvo íslenska og tvo kanadíska vini mína og í sameiningu ákváðum við að þræða Víetnam frá norðri til suðurs eða frá Hanoi til Ho Chi Mín-borgar.

Víetnam er jafn yndislegt land og það er fallegt. Ótrúleg náttúrufergurð er að finna þar og má þar nefna Ha Long Bay-eyjaklasann sem er eitt af náttúrundrum veraldar og gistum við á eyju þar í þrjár nætur sem var mikil upplifun.

ÁHUGAVERÐ STAÐREYND: Sagan segir að James Cameron hafi eytt miklum tíma þar við köfun og hafi fengið hugmyndina fyrir fljóttandi eyjarnar í Avatar frá Ha Long Bay.

Í Víetnam er verðlag mjög lágt og það er ekki erfitt að lifa hátt fyrir lítinn aur. Sem dæmi má nefna dýrindis máltíð með forrétt og aðalrétt var sjaldnast að fara yfir 500 krónurnar sem gladdi menn frá Íslandi óstjórnlega. Einnig lét ég sérsauma á mig glæsileg vínrauð jakkaföt eftir mínu höfði og borgaði

Karlmannlegum þörfum fullnægt

Þegar komið var til Kambódíu vissum við um þrjá hluti sem okkur þótti áhugaverðir; að skjóta úr vélbyssum, skoða Angkor Wat-hofin og fara á drápsvellina og fræðast um hrottalega sögu landsins þegar Rauðu khmerarnir réðu ríkjum.

Eftir að hafa sinnt karlmannlegum þörfum okkar og skotið úr vélbyssum af öllum gerðum héldum við á drápsvellina fyrir utan höfuðborgina, Phnom Penh, til að fræðast um Rauðu khmerana og óhuggulega arfleið þeirra. Fyrir þá sem ekki vita þá stjórnðu þeir landinu frá 1975-1978 undir forystu Pol Pot en hann vildi byggja landið upp sem hreinræktað bændasamfélag og ef þú varst svo ólánsamur að vera menntaður, tala annað tungumál eða bara nota gleraugu þá voru allar líkur á því að vera sendur á drápsvöllina, en þaðan áttu fáir afturkæmt.

KAMBODÍA

Eftir að hafa fræðst um sögu landsins, ferðast um það og skoðað helstu menningardjásn þess eins og Angkor Wat-hofin var kominn tími á að kveðja þennan gullfallega stað og yndislega fólk sem hann hafði upp á að bjóða og halda áfram til Tælands, þar sem syndabælið Bangkok beið okkar í öllu sínu veldi.

ÁHUGAVERÐ STAÐREYND: Talið er að Rauðu khmerarnir hafi drepið 2-3 milljónir Kambódiúbúa á valdatíma sínum, karla, konur og börn, eða um þriðjung af landinu!

Áfengislaus syndabælið

Eftir fimm daga stöpp í Bangkok og mikið áreiti frá tuk-tuk leigubíljörum og götusólum sem vildu endilega bjóða okkur á kynlífs-sýningar þar sem borðtennis-kúla leikur aðalhlutverkið, var kominn tími á að kveðja ferðafélaga mína og halda áfram einn míns liðs.



SNYRTILEGT GRAFFITI

ÁHUGAVERÐ STAÐREYND: Á meðan við vorum í Bangkok

TÆLAND

voru einhverskonar kosningar í landinu, en á meðan á þeim stóð (fös-sun) var stranglega bannað að selja og afgreiða áfengi. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að fólk mæti ölvað á kjörstað til að kjósa.



ÓTRÚLEGUR ARKI TEKTÚR Í BLAND VIÐ GLÆSILEGA SKYRTU

Regludýrkendur og ríkidæmi

Hokinn af ferðareynslu, settist ég upp í flugvél og var næsti áfangastaður Singapur. Þetta pínulítla land er mjög ólíkt fyrri stöðunum á mínu ferðalagi en lifnaðar-hættir í Singapur þykja ansi háir. Þar býr sem virðist einungis fólk frá öðrum löndum (fyrir utan kannski leigubíljóranum) og aðal tungumálið þar er enska. Þar sem þetta er mjög dýr staður taldi ég mig mjög lánsaman að eiga fjölskyldu þar sem gat tekið á móti mér og hýst mig. Hér held ég að það sé best að myndirnar tali sínu máli.

SINGAPÚR

ÁHUGAVERÐ STAÐREYND: Tyggjó er ólöglegt og eru viðurlögin \$500 sekt sértu gripinn með tyggjó. Hinsvegar er hægt að fá lyfseðil frá lækni fyrir tyggjó, getirðu ekki lifað án þess.

ÁHUGAVERÐ STAÐREYND NR. 2: Forsætisráðherra Singapur er launahæsti þjóðhöfðingi í heimi með þrjár milljónir dollara á ári í laun. Obama er með 770 þúsund dollara í árslau. Þeir sem vinna fyrir ríkisstjórn Singapur eru mjög hátt launaðir en það er svo að þeir hafi engan hvata til að þiggja mútur eins og þekktist í nágrennlöndum.

Yndislegar stundir í skugga kjarnorkuvopna

Utr 33 stiga hitanum í Singapur hoppaði ég upp í flugvél í bol og sandölum og hélt til S-Kóreu þar sem ég bjóst við að heitur andvari myndi taka á móti mér. Enn og aftur virtist ég ekki ætla að læra og í stað þess að eyða fjórum sekúndum áður en ég fór til að skoða veður-spána og klæða mig eftir henni, ákvað ég frekar að taka sjensinn og æða grunlaus í -1 gráðu frost klæddur eins og hálfviti.

SUÐUR-KÓREA

Seúl tók á móti mér í öllu sínu veldi og var ég mjög spennur að upplifa allt það sem S-Kórea hafði upp á að bjóða en ég er mikill aðdáandi kvikmynda þaðan. Ég og vinur minn sem hýsti mig höfðum tveimur mánuðum áður pantað okkur ferð að landamærum Suður- og Norður-Kóreu, sem er mikil eftirspurn í og verum orðnir gríðarlega spennir að heimsækja þennan suðupott þegar hér var komið við sögu. En eins og áður var Adam ekki lengi í paradís því daginn eftir



LÍFIÐ ER BARA EITT STÓRT FASHION Í KÓREU

að ég kom til landsins ákvað sekkurinn hann Kim Jong-un (einræðisherra N-Kóreu) að rifta vopnahléi landanna, sem var undirritað 1953, og hótta kjarnorkuárásam og ég veit ekki hvað. Að sjálfsgöðu var allt sett í lás, við fengum endurgreidda miðana okkar á landamærin og það áventýri úr sögunni.

Þessi ógn frá frændum þeirra í norðri stigmagnaðist svo á meðan ég var í landinu en ég virtist hinsvegar velta mér miklu meira upp úr því en almenningur sem var greinilega öllu vanur þegar kemur að svona ástandi. Ég man sérstaklega eftir því þegar ég vaknaði einn morguninn við háværar raddir á kóresku úr hátalarakerfi í götunni minni og þegar ég reis úr rekkju og leit út um gluggann blasti við mér stór og grænn hertrúkkur. Að sjálfsgöðu var það fyrsta sem ég hugsaði að nú yrðu allir sendir í stríð sem vettlingi gátu valdið, burtséð frá því hvort þeir væru túristar eða ekki, einmitt Hjálmar!

ÁHUGAVERÐ STAÐREYND: S-Kóreubúar eru mjög mikið fyrir hefðir og ein þeirra segir svo að eldra fólk hafi alltaf rétt fyrir sér og það eigi að bera mikla virðingu fyrir þeim, þó það hafi ekki rétt fyrir sér. Í dag er Korean Air eitt besta flugfélag í heimi en fyrir einhverju síðan var það hræðilegt og voru slys og bilanir tíðar. Þetta mátti rekja til þess að ef aðstoðarflugstjórinn var yngri en aðalflugstjórinn og aðalflugstjórinn gerði mistök þá MÁTTI aðstoðarflugstjórinn ekki benda honum á mistök því hann var jú eldri, og hlaut því þ.a.l. að hafa rétt fyrir sér.

Í dag er það í reglum fyrirtækisins að í öllum flugum Korean Air þarf aðstoðarflugstjórinn að vera eldri en aðalflugstjórinn svo hann geti benti honum á mistök, sé hann að gera þau, án þess að vanvirða hann vegna aldurs.



ÞRÍJÁR KYNSLÓÐIR AF KIMONO SKVÍSUM, CHERRY BLOSSOM OG HJALLI



ÞAÐ VANTAR EKKI HOFIN Í JAPAN



ÉG RAKST Á EITT STÆRSTA STRÁKABAND JAPANS. HELMINGUR LAUNA ÞEIRRA FÓR Í SLÉTTUJÁRN.



FÓLK LIFIR HÁTT Í SINGAPORE



GEISH-URNAR URDU BARA AÐ FÁ MYND MEÐ MÉR

Auðmýkt og yndislegheit

Eftir góða dvöl í S-Kóreu hélt ég til Osaka í Japan að hitta japanskan vin minn. Það sem maður rekur sig fyrst á í Japan er gestrisnin en hún er með eindæmum mikil. Þegar ég lenti þá biða eftir mér vinkonur vinar míns sem ég hef aldrei hitt áður til að sækja mig á flugvöllinn. Þegar ég kem heim til vinar míns í 15 fm íbúðina hans tekur hann ekki annað í mál en að gista á gólfinu í heila viku og fórna svefnsofnum sínum svo það fari vel um mig. Eitt kvöldið þarna á ég afmæli og við förum á næturklúbb en þegar ég vísa fram skilríkjum til að komast inn kallar dyravörðurinn á eiganda staðarins sem vísar okkur að VIP-sætum og gefur mér stærðarinnar kampa-vínsflösku í afmælisgjöf, lætur plötusnúðinn stoppa tónlistina til að óska mér til hamingju með afmælið á meðan dansgölfíð er stappað. Manni leið eins og það væri sífellt verið að lauma litlum hitapokum á hjartaræturnar, svo yndislegir eru Japanir. Landið sjálft, sem er gullfallett og á sér langa sögu, skartaði sínum fegurstu „cherry blossom-trjám“ þegar ég var þarna en þau voru einmitt í fullum blóma þá sem er mjög falleg sjón.

JAPAN

Eftir að hafa farið til Hiroshima til að fræðast um atóm-sprengjuna sem var varpað á hana, farið til Kyoto í karóki og ferðast með einni hraðskreiðustu lest í heimi frá Osaka til Tokyo var kominn tími til að binda enda á þetta ferðalagið mitt. **ÁHUGAVERÐ STAÐREYND:** Ferðin frá Osaka til Tokyo tekur 2 og hálfan tíma rúmlega með hraðlest (e. bullet train) en vegalengdin er hvorki meiri né minni en 506 km!

Áður en ég fór heim ákvað ég þó að heimsækja nokkra vini í San Francisco og sjá þeirra fállegu og frjálsglegu borg. Seinasta stöpp áður en ég hélt til Íslands var New York þar sem ég hitti svo mína glæsilegu fjölskyldu og verslaði á mig flik eða tvær.

Þetta stórkostlega ferðalagið er eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert á minni stuttu ævi. Maður fær ekki bara að sjá heimshluta sem er framandi og spennandi heldur kynnist maður einnig urmul af fólk frá öllum heimshlutum og skapar þannig vináttu sem getur enst manni heila lífstíð. Ef rétt er haldið á spöðunum þarf svona ferð ekki að kosta fúlgju fjár og þó svo að maður sé ekki endilega að gista á hóteli á hverjum stað myndast oft mikil stemning á hostelum sem er frábær leið til að kynnast fólk. Ég hvet alla þá sem hafa áhuga og tækifæri til þess, að láta verða af því að fara í svona ferð og ef það vakna einhverjar spurningar um hvernig sé best að haga sér í þeim málum getið þið sent mér tölvupóst og ég mun glaður svara þeim eftir bestu getu.

Heimreisu-Hjálmar
hjalmark@gmail.com



BRÁ UNDIR MIG BETRI FÆTINUM OG SKELLTI MÉR TIL JEJU EYJU Í S-KÓREU

REISAN Á 60 SEKÚNDUM
Hvað stóð uppúr? Vietnam og Suður - Kórea
Hvernig ferðaðist ég? Mest með lestum og svefnrútum.
Geggjaðasti einstaklingurinn: Hrottinn sem sprautaði piparúða í augun mín af 5 cm færri í smábæ í Vietnam.
Athyglisverðasta fólkíð: Japanir og S-Kóreubúar. Kurteist og auðmýkt fólk.
Fallegasta umhverfið: Vietnam
Besta upplifunin: Að fá að kynnast þessum heimshluta
Besti maturinn: Allur matur í Vietnam og Japan
Versti maturinn: Kambódía, það vantaði eitthvað uppá í matargerðinni þar.
Heildarvegalegn ferðalags: Um það bil 43.498 km.



RÚNAR VINUR MINN Á GÓÐA FÉLAGA Í SAN FRANCISCO

32 ÞÁTTA ÚRSLIT

HEROES (7.2) VS THE X-FILES (8.7)



H Sígarettuáðurinn smókar Heroes.
S Mulder mulningsvélín er farin í gang. Walkover.
P Gæðalímbóid hjá Heroes klúðraði þessu.

THE WIRE (9.4) VS SHERLOCK (9.2)



H The Wire. Ég og Obama sammála um að Omar er besti karakterinn.
S Ég nenni ekki að horfa á The Wire, of mikið vesen, of hægir, of mikið commitment. Ég vel Sherlock enda mjög góðir.
P Hættu þessu Stebbi, Wire alla leið.

FIREFLY (9.2) VS ER (7.4)




H ER er mögulega besti 90's þátturinn. Hann flýgur áfram.
S Melrose Place reyndar besti 90's þátturinn. En ég kys Bráðavaktina.
P Eins góð nostalgia og Bráðavaktin er þá vel ég Firefly.

LUTHER (8.5) VS SONS OF ANARCHY (8.6)



H Ég kys Sons af því að Halla elskar þá.
S Ég er Lutherstrúar.
P Luther er snilld en mér finnst ég bara svo svalur þegar ég horfi á Sons.

MISFITS (8.5) VS PRISON BREAK (8.5)




H Fyrsta serían af Prison Break er eitt besta sjónvarpsefni sem hefur komið fram og það kemur henni áfram í 16 þátta úrslit.
S Þetta eru tveir þættir sem dala en lífa á fyrstu seríunni. Segi Misfits út af betri karakterum.
P Svekkelsi fyrir Misfits að lenda strax í klónum á Scofield-bræðrum.

DEXTER (9.0) VS THE GOOD WIFE (7.8)



H Auðveld viðureign fyrir Dexter, engin keppni.
S Setur mig í hræðilega klípu, algjör Good Wife-maður en Dexter er einfaldlega of sterkur hérna.
P The Good Wife eru ekki alveg contender í að vera besti þátturinn þó hann sé góður. Dexter er það hins vegar og tekur þetta nokkuð þægilega.

RESCUE ME (7.6) VS THE WALKING DEAD (8.7)



H Er þetta Zombie-dót ekki allt eins?
S The Walking Dead eru vinsælustu þættirnir í USA, þeir taka þessa viðureign þó svo Rescue Me séu góðir og verða bara betri.
P Já, Rescue Me eru hrikalega góðir en The Walking Dead hafa þennan spennuþrungna andvara þar sem maður getur ekki beðið eftir næsta þætti.

GAME OF THRONES (9.4) VS OZ (8.9)



H Easy fyrir Game of Thrones.
S Auðveldasta viðureign dagsins.
P Elska dverginn jafn mikið og ég hata krakkafíflíð.

HOUSE M.D. (8.6) VS THE SOPRANOS (9.2)



H Gerist ekki mikið betra en Sopranos.
S Ég er massífur Sopranos-maður.
P Klárlega Sopranos, ein af ástæðunum fyrir því að ég ákvað að vera klínískur sálfræðingur.

THE SHIELD (8.6) VS LOST (8.3)



H Góð viðureign, ólíkir þættir en ég kys Lost út af conceptinu. Skemmtilega öðruvísi.
S Ég skyldi nú ekkert í endinum hjá Lost en þeir eru hrikalega góðir.
P Já, Shield eru betri en þessir classic löggubættir en Lost er í öðrum klasa.

24 (8.4) VS TRUE BLOOD (8.0)

H Ég fíla True Blood en þú finnur ekki mikið meiri 24 mann en mig, þannig að þetta er mjög easy slagur sem Jack Bauer tekur við vampírurnar. Intro-ið í True Blood er samt sem áður flottasta intro-ið af öllum þessum þáttum.
S 24 þó svo að Jack Bauer leikur harðasta gæja í heimi en lítur hræðilega aulalega út.
P Helgarfrí, hálfmáni og 24 sería. Gerist ekki betra.

BOARDWALK EMPIRE (8.7) VS DOCTOR WHO (8.7)



H Auðvelt fyrir TARDIS.
S Ég er búinn að vera að horfa á Dr. Who og þeir grípa mig bara engan veginn. Boardwalk Empire eru aftur á móti mjög góðir.
P Veit um marga sem elska Dr. Who en þeir eru engan veginn minn tebolli.

SUITS (8.8) VS HOUSE OF CARDS (8.9)



H Á báða þættina eftir en er miklu spennari fyrir House of Cards.
S Mike er orðinn of frekur. House of Cards tekur þetta.
P House of Cards eru rosaleggir þættir sem fara líklega á spjöld þáttasögunnar. Suits er bara skemmtileg afþreying.

MAD MEN (8.7) VS BATTLESTAR GALACTICA (8.7)



H Battlestar Galactica? Pétur ertu að grínast?
S Mad Men, hægir en vinna á. Örugglega flottustu þættirnir.
P Battle Gal er heitt.

HOMELAND (8.6) VS ROME (8.9)



H Eini gallinn við Homeland er hvað Claire Daines vælir mikið.
S Rome voru mjög flottir en ég er mikill Homeland-maður.
P Mér finnst Homeland, ásamt House of Cards og Game of Thrones, vera ferskustu þættirnir í dag.

BREAKING BAD (9.4) VS BOSTON LEGAL (8.0)



H Var búinn að gleyma Boston Legal, mjög góðir en Breaking Bad gætu farið alla leið.
S Ég sé sjálfan mig í Denny Crane.
P Boston Legal var hérna sem fulltrúi gömlu góðu en þeir eiga ekkert í þessa viðureign.

16 ÞÁTTA ÚRSLIT

THE X-FILES VS THE WIRE



H Nostalgján hefur vinninginn í þetta skiptið. Tek X-Files þó þeir eldist ekkert sérstaklega vel.
S Wire tekur þetta í uppþórtíma.
P Þó svo ég gleymi aldrei gaurnum með gulu augun sem gat skriðið í gegnum loftræstikerf-ið þá dugur hann ekki til að taka út The Wire.

ER VS SONS OF ANARCHY



H Bráðavaktin. Eriq La Salle karate-sparkar þeim áfram í næstu umferð.
S Jax svarar með hringsparki. Sons.
P Já og sendir Noah Carter á Bráðavaktina.

PRISON BREAK VS DEXTER



H Núna koma seinni seríurnar í bakið á Prison Break og Dexter tekur þetta nokkuð auðveldlega. Fjórða serían, með Trinity, er líklega sú besta sem ég hef séð.
S Dexter hefur verið nokkuð solid.
P Það er ekki nóg að eiga eina góða rispu, leikurinn er 90 mínútur. Dexter gæti farið langt hér í dag.

GAME OF THRONES VS THE WALKING DEAD



H Ég nenni ekki Walking Dead, eiga ekki séns í Game of Thrones.
S Walking Dead var mjög gott fyrst en núna eru þau bara hangandi í einhverjum bæ. Ég vil hafa þau ráfandi um í mannlauri stórborg, budgetið búið?
P Ég sé Game of Thrones alveg fyrir mér sem bestu þættina eftir svona 2 ár. Það er nóg af sögu eftir í bókunum þannig að þetta mun ekkert vera að þynnast.

THE SOPRANOS VS LOST



H Ég verð að gefa Lost þetta, virkilega frumlegir þættir.
S Sopranos er einn besti þáttur sem ég hef séð. Engin léleg sería og hættir á toppnum.
P Já, ég er með Stebba í þessu. Ég átta mig á snilldinni í Lost en er ekki að kaupa hana.

24 VS BOARDWALK EMPIRE



H 24 rúst.
S 24, er hættur að horfa á Boardwalk Empire.
P Já, Boardwalk-ið er orðið hálf þreytt.

HOUSE OF CARDS VS MAD MEN



H Þættir með Kevin Spacey hljóta að vera frábærir.
S Jon Hamm á ekkert í Kevin Spacey.
P Jafntefli í gæðum en House of Cards eru skemmtilegir.

HOMELAND VS BREAKING BAD




H Breaking Bad tekur þetta á reynslunni.
S Homeland er miklu meira action.
P Þetta er ekkert smá erfiður leikur. Breaking Bad er meira legend.



Páttabankar
Péturs
Pétur Örn Svansson
monitor@monitor.is

Hver er heimsins besti spennuþáttur?



Þá er loksins komið að annarri bikarkeppni. Fyrir nokkrum vikum komumst við að þeirri niðurstöðu að Seinfeld væri heimsins besti gamanþáttur. Nokkur samfélagssátt var um þá niðurstöðu en það er spurning hvort að sú verði raunin í þetta skiptið. Að þessu sinni ætlum við að finna út hver er besti spennu/dramaðrátturinn - kalla þetta spennuþætti því skástrikið verður þreytt. Leitin að niðurstöðu var löng og ströng. Sem fyrr valdi ég þá 32 þætti sem ég tel skara fram úr, setti nafn þeirra í pott og dró í viðureignir. Líkt og síðast fékk ég til liðs við mig tvo góða vini mína til að skera úr um sigurvegara hverrar viðureignar, þá **Hannes Þór Halldórsson** og **Stefán Bjarnason**, báðir miklir sérfræðingar á sviði sjónvarpsþátta. Til fróðleiks hef ég IMDb einkunn þáttanna með og það er gaman að sjá fylgni hennar og árangurs þeirra.




THE WIRE VS SONS OF ANARCHY



- H** Móturhólagengið mætir ofjarli sínum.
- S** Ekki Wire-maður og ekki Sons-maður, tekur Wire þetta ekki?
- P** Það er smá klassamunur á þeim. The Wire.

THE SOPRANOS VS 24



- H** 24. Sorry Tony.
- S** The Sopranos, Paulie og Silvio yfirburðamenn.
- P** The Sopranos, þó svo 24 séu líklega mest spennandi þættirnir.
- H** Ég er mjög ósáttur með þetta.
- S** 24 eru samt ekkert annað en góðir spennuþættir, Sopranos er svo miklu miklu meira.

DEXTER VS GAME OF THRONES



- H** Þarna verð ég að henda Game of Thrones út.
- S** Dexter hefur þetta, með því betra í sjónvarpi í dag.
- P** Lila vs. Joffrey. Dexter hefur þetta.

HOUSE OF CARDS VS BREAKING BAD



- H** House of Cards því veggspjaldið er svo flott.
- S** Þetta er eiginlega ekki sanngjörn viðureign. Það er spurning hvornig House of Cards heldur dampi eftir magnaða fyrstu seríu. Vel House of Cards.
- P** Erfitt að sjá á eftir Breaking Bad en ekkert að því að detta út hér.

UNDANÚRSLIT THE WIRE VS DEXTER



- H** Dexter er í meira upphaldi hjá mér.
- S** Já, Dexter eru frábærir og taka þetta. Öruggur sigur í mínum bókum.
- P** Þetta er rosaleg viðureign og ég er feginn að þið tókuð þessa ákvörðun. Hefði líklega valið The Wire en séð mikið eftir Dexter.

BRONSÍÐ THE WIRE VS HOUSE OF CARDS



- H** Stend með Omar, mínum manni.
- S** Auðvelt, House of Cards.
- P** Þetta er svona Henry vs. Persie. Henry tekur þetta en hugsanlega verður Persie jafn góður með tímanum.

THE SOPRANOS VS HOUSE OF CARDS



- H** Hér mætir House of Cards ofjarli sínum.
- S** The Sopranos hefur söguna, vonandi verða House of Cards jafn farsælir.
- P** House of Cards eru mjög efnilegir en maður tekur Sopranos ekkert út með einni seríu.

DEXTER VS THE SOPRANOS ÚRSLIT




- H** Viðeigandi lokauppgjör. Komið að skuldadögum. Dexter tekur Tony Soprano, vefur honum inn í plast og lætur hann gjalda fyrir syndirnar.
- S** Nei, Dexter finnst í ruslagámi.
- P** Hrikalega erfitt að velja á milli enda búinn að sjá báða þættina nokkrum sinnum. Vel Dexter, finnst þeir vera skemmtilegustu þættirnir í hæsta gæðaklassanum.
- S** Vá, hrikaleg vonbrigði.

"Did you see the memo about this?"
(Office Space, 1998)



KVIKMYND

Ryðfrír járnmaður

Ég er mikill aðdáandi ofurhetjumynda og er Iron Man ein af mínum uppáhaldsseríum, ásamt Batman og X-Men. Robert Downey Jr. er mættur aftur í þriðju myndinni um Tony Stark og Járnmanninn. Þetta er reyndar í 4. skiptið sem hann túlkar þetta hlutverk þar sem Iron Man er hluti af The Avengers.



brellumur eru frábærar, söguþráðurinn góður og rennur ljúft í gegn og síðast en alls ekki síst þá eru leikararnir, þvífíkt landslið leikara! Robert Downey Jr. er svo geggjaður í þessu hlutverki að hann hlýtur bara að vera svona

Iron Man 3 gerist eftir Avengers og sitja atburðirnir í New York ennþá í Tony Stark og hann hefur sökkt sér í vinnu á verkstæðinu að smíða Iron Man-búninga. Þegar hryðjuverkaárás setur besta vin Starks í lífshættu ákveður hann að tími sé kominn til að Iron Man stoppi þennan mann. Þessi hryðjuverkamaður er samt ekki allur þar sem hann er séður og þegar Stark kafar dýpra í málið er það mun flóknara en á yfirborðinu og virðist Stark eiga við ofurefli að etja,



en hann hefur engu gleymt. Það er allt við þessa mynd sem öskrar STÓR-MYND. Tækni-

í alvörunni, eða eins og Sherlock Holmes, vá þvífíkur maður. Aukaleikararnir sem styðja við hann eru líka allir þaulreyndir og frábærir leikarar, Gwyneth Paltrow er flott sem Pepper Potts og Don Cheadle solid sem James Rhodes. Guy Pearce og Ben Kingsley eru svo frábærir í hlutverkum sínum sem skúrarnir, þá sérstaklega Kingsley. Svo þegar ég sat í salnum eftir myndina og beið eftir að salurinn tæmdist fylgdist ég með kreditlistanum og fjöldi fólks sem kom að myndinni er góð sönnun þess að allt hefur verið lagt í sölnurnar við gerð myndarinnar, alvöru blockbuster.

Frábær skemmtun í alla staði sem svikur engan. Iron Man er bæði myndin og spennandi mynd sem kick-startar bíósumrinu með stæl. Mæli með henni fyrir alla sem vilja láta skemmta sér.

P.S. Það er aukaatriði eftir kreditlistann eins og venjulega með Marvel-myndirnar!

IRON MAN 3

ÍVAR ORRI

MMMMM

Stofutónleikar í beinni

Sjáðu stofutónleika **Lay Low** í beinni



Tónlistarkonan Lay Low býður upp á fría tónleika á netinu laugardaginn 4. maí næstkomandi kl. 21:00.

Tónleikarnir verða haldnir í stofunni heima hjá Lay Low í Ölfusi og verða þeir jafnframt sendir út á netinu í boði Símans og Inspired by Iceland. Hægt verður að komast í tæri við útsendinguna á www.siminn.is/laylowlive.

Lay Low hyggst nýta tónleikana til að taka upp tónleikaplötu á sama tíma auk þess sem tónleikarnir verða kvikmyndaðir. Hún bregður á þetta ráð eftir að hafa fengið áskoranir frá fjölda aðdáenda um að geta keypt tónleikaútgáfu af lögum hennar á plötu. Hún hefur komið fram á yfir 100 tónleikum vítt og breytt um heiminn undanfarið ár meðal annars sem upphitunaratriði fyrir breska bandið Daughter og meðlanda sína í Of Monsters and Men í Bandaríkjunum og í Evrópu. Í tilkynningu kemur fram að nokkrir vinir Lay Low verði staddir í stofunni sem tónleikagestir.

Að tónleikunum loknum hyggst Lay Low snúa sér að hljóðversupptökum að nýrri plötu sem verður hennar sjötta hljóðversbreiðskífa og er líklega væntanleg í haust.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

The Place Beyond the Pines

The Place Beyond the Pines er mögnuð mynd sem gerist í þremur þáttum á fimmtán ára tímabili og segir sögur sem fléttast saman í eftirminnilega heild. Ofurhuginn Luke (Ryan Gosling) tekur örlagaríka ákvörðun um að ræna banka til þess að geta sómasamlega séð fyrir sér, kærustu sinni og nýfæddu barni þeirra. Þetta leiðir svo til þess að óreyndi en metnaðarfulli lögregluþjónninn Avery Cross (Bradley Cooper) kemst á snoðir um hann. Þessi eltingarleikur gæti haft hrikaleg áhrif á líf fjölskyldna þeirra beggia. Það er ekki á hverjum degi sem slík sjarmatröll sameina leikarakrafta sína í einni mynd og því upplagt að smella sér á þessa ræmu.

Leikstjóri: Derek Cianfrance.
Aðalhlutverk: Ryan Gosling, Bradley Cooper, Eva Mendes, Dane DeHaan og Emory Cohen.
Lengd: 140 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Egilshöll, Álfabakka, Kringlunni, Keflavík, Akureyri, Háskólabíó.



GOD OF WAR
MMMMM

Tegund: Hasarleikur
PEGI merking: 18+
Útgefandi: Sony Computer
Dómar:
8 af 10 – Gamespot
7,8 af 10 – IGN.com
7 af 10 – Eurogamer.net

Frískur guð

Einhver reiðasta og harðasta persóna tölvuleikjanna er hinn friski og gríski guð Kratos. Hann er svo harður og massaður að hann lætur sjálfan Gillz líta út eins og Sigurjón Kjartansson í samanburði. Saga God of War Ascension gerist á undan sögu hinna leikjanna og er Kratos endur í enn eina hefndarförina þar sem allir eru drepnir og rúmlega það.

Spilun leiksins svipar mikið til fyrri leikja seríunnar, en þeir hafa allir verið hasarleikir þar sem leikmenn flétta saman hinum ýmsu bardagabrögðum til að ganga frá óvininum. Aðalvopn leiksins eru sverðin tvö sem Kratos er þekktur fyrir nema hvað nú geta leikmenn fengið krafta guðanna inn í þau og þróað þau svo í gegnum leikinn. Hver kraftur hefur sín sérkenni og með hverjum þeirra fylgir líka ákveðinn galdur sem leikmenn geta sleppt lausum þegar bardagarnir verða hvað harðastir. Auk þessara getur Kratos tekið upp allskyns önnur vopn sem liggja á víðavangi og notað þau til að binda enda á líf óvina sinna.

Auk þess að vera með hin ýmsu vopn er Kratos með hluti sem hjálpa honum að leysa þrautir og einnig í bardögum. Einn þessara hluta er Amulet of Uroborus, en með þeim hlut getur Kratos leikið sér með tímann og þannig byggt upp t.d. brýr sem eyðilagst

hafa í tímans rás eða brotið niður heilar brýr með því að keyra tímann fram og aftur. Þetta virkar ágætlega og gerir spilunina fjölbreyttari.

Í fyrsta sinn í God of War-seríunni geta leikmenn nú spilað leikinn í gegnum netið í fullkominni multiplayer-spilun og virkar það ótrúlega vel. Hér velja leikmenn sér hvernig þeir vilja líta út og svo fyrir hvaða guð þeir vilja berjast. Svo er haldið út í hinn stóra heim netsins og safnað liði eða spilað einn á móti öðrum. Þetta er öflug viðbót við God of War og lengir líftíma hans töluvert. Grafkin í God of War er stórkostleg og var búin til ný grafkín fyrir þessa útgáfu sem sýnir þann metnað sem Sony hefur lagt í þetta verkefni. Sama má segja um tónlist og talsetningu leiksins, en þar er allt til fyrirmyndar.

God of War Ascension er stórbrotinn leikur uppfullur af reiði, blóði og hefndarhug. Þetta er klárlega einn af leikjum ársins og ljóst að gríski guðinn okkar er ennþá frískur ... guði sé lof.



ÓLAFUR ÞÓR JÓNSSON

NÝR VEFUR KOMINN Í LOFTIÐ

www.monitor.is

ÞÚ HEFLUR EKKERT
BETRA AN GERA



MONITOR



Tilboð! 3000 SMS
og 3 GB á mánuði
eru innfalin í öllum
Snjallpökkum
til 1. júní 2013

**Vertu í sterkara sambandi
með snjallsímanum á
stærsta farsímaneti landsins**



Veldu Snjallpakka sem hentar þér
Snjallpakinn er frábær áskriftarleið þar sem þú færð SMS, gagnamagn og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma óháð kerfi. Engin upphafsgjöld eru af inniföldum mínútum.

Fjölskyldan alltaf í sambandi
Í Núllinu talar fjölskyldan saman fyrir 0 kr. þótt mínúturnar séu búnar.

Gildir til 27 landa
Notaðu mínúturnar til að hringja í heimasíma í 27 löndum.

Hafðu stöðuna á hreinu
Í Símaappinu geturðu fylgst með notkuninni.
siminn.is/simaappid